



**284. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 6. febrúar 2020 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.**

**Forföll: Ása Ólafsdóttir og Dominiqua Alma Belányi.**

#### **Dagskrá:**

Fundurinn hófst í Café Easy.

Á fundinn mætti Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra ásamt Páli Magnússyni ráðuneytisstjóra, Karitas H. Gunnarsdóttur skrifstofustjóra, Óskari Þór Ármannssyni sérfræðingi og Millu Ósk Magnúsdóttur aðstoðarmanni ráðherra.

#### **1. Undirritun viðaukasamnings vegna fjárframlags til Afrekssjóðs ÍSÍ 2020**

Ráðherra og forseti ÍSÍ undirrituðu viðaukasamning vegna 400 milljón króna fjárframlags til Afrekssjóðs ÍSÍ fyrir árið 2020.

Viðræður eru hafnar við ráðuneytið um fjárframlög til ÍSÍ fyrir tímabilið 2021-2024.

#### **2. Kynning á Afrekssjóði ÍSÍ**

Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ kynnti starfsemi Afrekssjóðs ÍSÍ og þær breytingar sem gerðar voru á afrekssstefnu ÍSÍ, starfsumhverfi sjóðsins og úthlutunarreglum í kjölfar stóraukins fjármagns til sjóðsins síðustu fjögur árin. Góðar umræður urðu meðal annars um lýðréttindi afreksíþróttafólks og málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Ráðherra vék af fundi og var fundurinn fluttur upp í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

#### **3. Kynning UMSK á Íþróttaveislu UMFÍ**

Valdimar Gunnarsson framkvæmdastjóri UMSK kynnti nýtt verkefni, Íþróttaveislu UMFÍ, sem verður í umsjón UMSK og íþrótt- og ungmennafélaganna í Kópavogi.

Umræður urðu um mögulega aðkomu ÍSÍ að viðburðinum. Ákveðið að skoða málið á milli funda.

#### **4. Ólympísk málefni**

Þórey Edda Elísdóttir formaður fagraðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins.

*YOG Lausanne 2020*

Vetrarólympíuleikum ungmenna lauk í Lausanne 21. janúar sl. Leikarnir gengu vel, öll aðstaða var góð en vegalengdir á milli keppnisstaða og gististaða voru langar. Árangur keppenda var vel viðunandi.

#### *Tokyo 2020*

Undirbúningur gengur vel. Ljóst er að handknattleikslið karla mun ekki taka þátt í leikunum en einstaklingar í öðrum greinum vinna nú að því að öðlast keppnisrétt. Afreksíþróttafólk getur unnið sér inn keppnisrétt á leikana allt fram í byrjun júlí þannig að endanlegur fjöldi keppenda liggur ekki fyrir fyrir en þá. Unnið er út frá því að fjöldi keppenda verði á bilinu 6-10 manns.

#### *Fundir með sérsamböndum*

Stíft hefur verið fundað með fulltrúum sérsambanda undanfarnar vikur í tengslum við afreksstarf sambandanna.

#### *Málstofa um lýðréttindi afreksíþróttafólks*

Þórey greindi frá málstofu sem haldin var 27. janúar sl. með afreksíþróttafólki um lýðréttindi þeirra. Í kjölfarið var kallað eftir fulltrúum frá sérsamböndum ÍSÍ í þrjá vinnuhópa, um skólamál, umhverfi afreksíþróttafólks og tryggingamál afreksíþróttafólks.

### 5. **Fagsvið ÍSÍ**

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs greindi frá því helsta úr starfi sviðsins, sbr. minnisblað þar að lútandi.

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ greindi frá því helsta úr starfi sviðsins, sbr. minnisblað þar að lútandi.

### 6. **Skipting lottós og útbreiðslustyrks til sérsambanda ÍSÍ**

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram eftirfarandi tillögur:

-Tillögu að skiptingu lottós til sérsambanda ÍSÍ. Nýtt sérsamband, Bogfimisamband Íslands, bættist við á síðasta ári og nú eru sérsambönd ÍSÍ orðin alls 33 talsins. Tillagan samþykkt samhljóða.

-Tillögu að skiptingu útbreiðslustyrks til sérsambanda ÍSÍ. Tillagan samþykkt samhljóða.

### 7. **Ríkisstyrkur til sérsambanda ÍSÍ**

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram tillögu að skiptingu ríkisstyrks til sérsambanda ÍSÍ. Til úthlutunar voru 97 milljónir sem er tveggja milljón króna hækkun frá síðustu úthlutun. Tillagan samþykkt samhljóða.

### 8. **Fjárhagsáætlun 2020**

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram drög að fjárhagsáætlun vegna ársins 2020. Stefnt er að því að taka fjárhagsáætlunina til afgreiðslu á næsta fundi.

### 9. **Skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ**

Framkvæmdastjóri fór yfir málið og næstu skref. Fundað verður með UMFÍ á næstunni vegna málsins.

## 10. Afrekssjóður ÍSí – úthlutun

Lilja Sigurðardóttir formaður Afrekssjóðs ÍSí fór yfir tillögu sjóðsstjórnar að 2. úthlutun vegna ársins 2020, sbr. fundargerð Afrekssjóðs ÍSí frá 3. febrúar sl. og fylgiskjali hennar. Alls bárust umsóknir frá 30 af 33 sérsamböndum ÍSí. Úthlutun að þessu sinni er alls 291.935.000,-.

Í 1. úthlutun sem samþykkt var 12. desember sl. var 170 milljón króna úthlutað og er heildarúthlutun sjóðsins til sérsambanda ÍSí vegna verkefna á árinu 2020 því samtals 461.935.000,-. Ekki er útilokað að úthlutað verði til viðbótar úr sjóðnum síðar á árinu vegna ársins 2020, ef fjárhagur sjóðsins leyfir og skilyrðum til úthlutunar er fullnægt. Tillaga Afrekssjóðs samþykkt samhljóða.

Þakkir bókaðar til stjórnar Afrekssjóðs ÍSí og starfsfólks Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí vegna þeirrar miklu vinnu sem farið hefur í undirbúning og útreikning úthlutunarinnar.

## 11. #Églíka málefni

Framkvæmdastjóri skýrði frá undirritun samnings mennta- og menningarmálaráðuneytis við Domus Mentis um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs. Domus Mentis mun annast ráðningu samskiptaráðgjafa og umsýslu um verkefnið.

Framkvæmdastjóri skýrði frá fundi með fulltrúum Domus Mentis. Stefnt er að því að verkferlar Domus Mentis varðandi tilkynningar mála liggja fyrir í marsbyrjun.

Tillaga til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025 er komin í samráðsgátt stjórnvalda. Þar er lögð áhersla á fræðsluþáttinn og markmið sett um að 90% starfsfólks og sjálfboðaliða hafi lokið netnámskeiði um barnavernd fyrir árslok 2025.

## 12. Lög um skráningu raunverulegra eigenda lögaðila í íþróttahreyfingunni

Framkvæmdastjóri kynnti lög sem tóku gildi um áramótin varðandi skráningu raunverulegra eigenda lögaðila hjá Ríkisskattstjóra, sem er liður í baráttunni gegn peningaþvætti og hryðjuverkum. Samkvæmt RSK þá falla ÍSí, sérsambönd, íþróttahéruð og íþróttá- og ungmennafélög undir lögin ásamt þeim deildum sem hafa eigin kennitölu. Skilafrestur er 1. mars nk. ellegar falla á lögaðila dagsektir. RSK vinnur að leiðbeinandi efni fyrir félagasamtök og verður reynt að einfalda eftir mætti ferlið þar sem staðlað umhverfi skila er hannað út frá fyrirtækjum. Fundað verður með fulltrúum RSK í næstu viku.

## 13. Lýðréttindi afreksíþróttafólks

Fundað var um málefnið með íþróttafólki fyrir skömmu. sem varpaði góðu ljósi á kröfur íþróttafólks varðandi lýðréttindi, svo sem skólamál, námslán, fæðingarorlof og framfærslu, svo eitthvað sé nefnt. Í kjölfar fundarins voru skipaðir þrír vinnuhópar, um skólamál, tryggingamál og réttindamál.

ÍSí og mennta- og menningarmálaráðuneytið munu skoða þessi mál frekar á næstu vikum.

#### 14. Þjóðarleikvangar

Forseti fór yfir stöðu mála. Vinnuhópur sem skipaður var um málið á síðastliðnu Íþróttapingi ÍSÍ mun ljúka störfum í febrúar. Nokkrar umræður urðu um málið.

#### 15. Tilnefning í Vetrariþróttamiðstöð Íslands

Friðrik Einarsson, sem hefur verið fulltrúi ÍSÍ síðustu ár í stjórn miðstöðvarinnar, gefur ekki lengur kost á sér til starfa í stjórninni. Skipa verður annan fulltrúa í hans stað þegar óskað verður eftir nýrri tilnefningu frá ráðuneytinu.

#### 16. Heiðranir

Samþykkt að sæma Sigurjón Pétursson, fyrrverandi varaformann HSÍ, fyrrverandi formann KRAFT og núverandi varaforseta Alþjóðakraftlyftingasambandsins Heiðurskrossi ÍSÍ á 10. ársþingi Kraftlyftingasambands Íslands, 29. febrúar nk.

Samþykkt að sæma Gry Ek, núverandi formann KRAFT, Gullmerki ÍSÍ við sama tækifæri.

#### 17. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 283. fundur framkvæmdastjórnar
- 1. og 2. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 27. janúar
- Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ frá 13. janúar 2020
- Afrekssjóðs frá 7. janúar, 27. janúar og 3. febrúar 2020, ásamt minnisblaði vegna einstaklingsstyrkja.
- Laganefnd ÍSÍ frá 28. janúar 2020. Tillögum laganefndar um afgreiðslu erinda samykkt. Að auki var samþykkt að hafna nafni félaganna í tölulið 6., 7. og 8.

#### 18. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

#### 19. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir framkvæmdastjórnar verða fimmtudaginn 5. mars og verður þá einnig vinnufundur stjórnar og þriðjudaginn 31. mars.

#### 20. Önnur mál

- *Niðurstaða skattahóps fjármála- og efnahagsráðuneytis*  
Skýrsla starfshóps fjármála- og efnahagsráðuneytis hefur verið birt. Tillögur starfshópsins, ef til framkvæmda koma, verða til mikilla hagsbóta fyrir íþróttahreyfinguna. Það er í höndum ráðuneytisins að koma tillögnum fyrir þing.

##### *Hjólabretti (Skateboard)*

Lagt fram erindi frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur þar sem óskað er eftir staðfestingu á hjólabrettaíþróttinni, í ljósi þess að Hjólabrettafélag Reykjavíkur hefur óskað eftir aðild að bandalaginu.

Alþjóðaólympíunefndin hefur viðurkennt íþróttina og var m.a. keppt í greininni á Sumarólympíuleikum ungmenna í Buenos Aires 2018. Keppt verður í tveimur greinum hjólabrettaíþróttar á ÓL í Tókýó 2020.

Greinin er innan alþjóðasambandsins World Skate, sem er viðurkennt af IOC. Þar innanborðs eru allar hjólaskautaíþróttir, svo sem hjólaskautat (roller derby) sem ÍSÍ hefur þegar viðurkennt sem íþrótt. Sambandið starfar undir reglum WADA. Samþykkt að viðurkenna íþróttina með hliðsjón af ofangreindu.

- *Ferðasjóður íþróttafélaga*

Skrifstofustjóri fór yfir stöðu mála varðandi yfirlestur umsókna og útreikning úthlutana úr Ferðasjóði íþróttafélaga. Fundað verður í vinnuhópnum um sjóðinn á morgun og farið yfir forsendur útreiknings líkt og gert er á hverju ári. Stefnt er að því að leggja drög að úthlutun fyrir næsta fund framkvæmdastjórnar til samþykktar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari